

STJÓRNARTÍÐINDI B 23 — 1974

20. mars. 1974.

249

Nr. 145.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð Barnaskólans á Blönduósi, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 20. mars 1974. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Verðlaunasjóðs Barnaskólans á Blönduósi.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Barnaskólans á Blönduósi og er stofnaður af hjónunum frú Helgu D. Jónsdóttur og Steingrími Davíðssyni, fyrrverandi skólastjóra.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er krónur 100 000.00 — eittundraðþúsundkrónur. — Árlega leggist við höfuðstól hluti vaxta sjóðsins og gjafir, er sjóðnum kunna að áskotnast, leggist og við höfuðstól.

3. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu skólastjóra Barnaskólans á Blönduósi og geymast í banka þar eða Landsbanka Íslands.

4. gr.

Þriggja manna stjórn fer með yfirlit sjóðsins. Skal hún skipuð skólastjóra Barnaskólans á Blönduósi, skólanefndarformanni og sóknarpresti Blönduóssóknar.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en hluta vaxta hans má úthluta ár hvert, sem verðlaunum til þeirra nemenda, sem skara fram úr við fullnaðarpróf í íslensku og kristnum fræðum. Við úthlutun skal tillit tekið til hegðunar nemenda. Þegar vextir eru orðnir það háir, að mati sjóðsstjórnar, má skipta verðlaununum í fyrstu og önnur verðlaun. Að öðru leyti fer um verðlaunaveitingu úr sjóðnum eftir þróun hans í framtíðinni.

6. gr.

Leita skal staðfestingar rétttra stjórnvalda á skipulagsskrá þessari. Reikningar sjóðsins skulu árlega færðir í bók og endurskoðaðir. Reikningsár er almanaksárið.

Blönduósi, 19. febrúar 1974.

Bergur Felixson, skólastjóri. Árni Sigurðsson. Baldur Valgeirsson.